

Alþingi
Erindi nr. P 138/123
komudagur 10.11.2009

Um fjárlagafrumvarp 2010 fyrir Alþingi, Ríkisendurskoðun og umboðsmann Alþingis.

Alþingi.

Lækkun fjárveitinga er 100 m.kr. árið eða 5% að raungildi. Árið 2009 var lækkunin 215 m.kr. eða 10% svo hækkunin í heild er 15% árin 2009 og 2010. Á móti kemur tímabundin fjárveiting 40 m.kr. til að halda þing Norðurlandaráðs í Reykjavík árið 2010. Meðfylgjandi er yfirlit sem sýnir þær aðgerðir sem gerðar haða verið til að mæta kröfu um niðurskurð 2009 og áformaðar aðgerðir árið 2010.

Ríkisendurskoðun.

Lækkun fjárveitinga til Ríkisendurskoðunar er 45 m.kr. eða 10% raunlækkun frá fjárlögum 2009. Í heild verður raunlækkun fjárveitinga til stofnunarinnar um 16% árin 2009 og 2010.

Umboðsmaður Alþingis.

Lækkun fjárveitinga til umboðsmanns Alþingis er 12 m.kr. eða 10% raunlækkun frá fjárlögum 2009. Í heild verður raunlækkun fjárveitinga til stofnunarinnar um 12% árin 2009 og 2010.

10.11.2009/KMK

Samantekt um lækkun útgjalda Alþingis 2009 og 2010.

(8.10.2009-KMK)

Eins og fram hefur komið er áformað að lækka fjárveitingar til Alþingis um 315 m.kr. að raungildi árin 2009 og 2010. Lækkun fjárveitinga var 215 m.kr. árið 2009 og bætast við 100 m.kr. 2010.

Hér að neðan er yfirlit um þegar ákveðna lækkun útgjalda og áætlun um lækkun á árinu 2010.

Þingfararkaup (laun þingmanna).

Samkvæmt úrskurði Kjararáðs lækkar þingfararkaup um 7,5% og laun forseta Alþingis um 14%. Nemur lækkunin um 40 m. kr. árið 2009.

Hertar reglur um varamenn.

Breyttar reglur um inntöku varamanna frá ársbyrjun 2009 gætu lækkað útgjöld við laun og annan kostnað um helming eða 9 m. kr.

Fastar greiðslur þingfararkostnaðar (húsnæðiskostnaður, starfskostnaður og ferðakostnaður).

Fyrsting verðlagshækkana fastra greiðslna þingfararkostnaðar frá því í ársbyrjun 2009 hefur í för með sér lækkun um 15 m. kr. miðað við forsendur fjárlagafrumvarpsins 2009.

Ýmsar greiðslur fyrir og til þingmanna á áeinu 2010.

Uppsögn áskrifta dagblaða og tímarita, lækkun á ferðakostnaði innanlands með breyttum reglum og ýmsar aðrar aðgerðir munu lækka kostnað um 8 m.kr. *Ekki samþykkt í forsætisnefnd.*

Aðstoðarmenn alþingismanna.

Uppsögn aðstoðarmanna þingmanna mun spara Alþingi 55 m.kr. árið 2010.

Ferðakostnaður fastanefnda.

Heimildir fastanefnda til kynnisferða innanlands verða þrengdar og ferðir erlendis voru að mestu felldar niður strax árið 2009. Nemur lækkunin 12 m.kr. á ári.

Alþjóðasamstarf þingmannanefnda.

Um er að ræða verulegan niðurskurð á ferðaheimildum alþjóðanefnda erlendis. Er það gert með því að minnka þátttöku í einstökum ferðum og lækkun dagpeninga. Áætlað er að útgjöld við alþjóðasamstarf lækki um 45 m.kr.

Alþjóðasamstarf og fundir og móttökur á vegum forseta Alþingis.

Aðhald og fækkun heimsóknna til erlendra þjóðþinga og móttökum gesta mun leiða til lækkunar útgjalda sem nemur allt að 17 m.kr.

Skrifstofa Alþingis.

Með skrifstofu Alþingis er átt við almennan rekstur sem tengist ekki störfum þingmanna með beinum hætti. Þannig eru það launagjöld starfsmanna og almennur skrifstofurekstur. Mesta lækkunin verður fólgin í aðhaldi í launaútgjöldum og tengdum kostnaði. Ekki verður ráðið í stöður starfsmanna í fæðingarorlofi, í veikindum o.fl. þegar því verður við komið. Sama á við um afleysingar í ræstingum. Ekki verður ráðið í stað þeirra sem fara á eftirlaun. Þá verða hæstu laun lækkuð á sama hátt og í ráðuneytum. Felldar verða niður ferðir á ráðstefnur og námskeið erlendis að frátalinni lágmarkspátttöku í föstum ráðstefnum. Áætlað er að þetta lækki gjöld um a.m.k. 40 m.kr.

Leitað verður leiða til að draga úr almennum útgjöldum með margvíslegum hætti. Að nokkru leyti verður um að ræða frestun á útgjöldum. Með ýmsum aðgerðum, stórum og

smáum, þarf að spara um 30 m.kr. og með því að fresta prentun alþingistíðinda að hluta um eitt ár í senn má lækka kostnað á ári hverju um 14 m.kr.

Alls er fyrirhugað að sparnaðurinn verðir 84 m.kr. þegar hann verður kominn fram að fullu.

Viðhald fasteigna.

Fjárveitingin var lækkuð um 10 m.kr. frá árinu 2008.

Tæki og búnaður.

Fjárveitingin var lækkuð um 20 m.kr. frá árinu 2008.

Til forseta Alþingis
Frá Karli M. Kristjánssyni

Minnisblað um lækkun fjárveitinga til Alþingis 2010 og fjárauka 2009.

Árið 2009 voru fjárveitingar til Alþingis lækkaðar um nálægt 10% að raungildi. Að teknu tilliti til verðlagsbreytinga var hækkun frá 2008 í krónutölu 4,2%.

Lagt er til að fjárveitingar varði lækkaðar um 5% til viðbótar árið 2010 eða samtals 15% lækkun milli ára. Samkvæmt þessu verða fjárveitingar til Alþingis (viðfang 201) lækkaðar um 100 m.kr. en eftir er að ræða við umboðsmann og Ríkisendurskoðanda um hlut þeirra stofnana. Mætt verður lækkunarkröfu á Alþingi með fyrirhugaðri lækkun útgjalda við aðstoðarmenn þingmanna, lækkun launagjalda, kostnaðar við erlend samskipti og annara rekstrargjalda.

Samkvæmt töflunni hér að neðan var raunlækkun aðalskrifstofa ráðuneyta frá árinu 2008 að meðaltali *engin* árið 2009. Er það mat skrifstofunnar að Alþingi hafi tekið vel á í niðurskurðaraðgerðum árin 2009 og 2010 með tillögunni hér að ofan.

Við þetta má bæta að árið 2009 komu til óvænt útgjöld við kosningar og útgjöld í tengslum við mótmælin, samtals 136,5 m.kr. Lagt er til að kostnaði við mótmælin verði mætt með lækkun launa aðstoðarmanna árið 2009 sem er svipuð upphæð, eða tæplega 1% af fjárveitingum 2009, og því verður einungis um að ræða tímabundna fjárförf í tengslum við kosningar, 116 m.kr. Eigi að síður verður um að ræða raunlækkun á milli ára.

Almenn rekstrargjöld aðalskrifstofa ráðuneytanna og Alþingis 2008 og 2009 skv. fjárlögum.

m.kr	2009	2008	Hækkun %
Alþingi (Almennur rekstur)	2.219,2	2.128,9	4,2
Forsætisráðuneyti	309,9	253,2	22,4
Menntamálaráðuneyti	658,3	596,4	10,4
Utanríkisráðuneyti	1.058,8	912,5	16,0
Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti	499,4	433,0	15,3
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	371,4	341,1	8,9
Félags- og tryggingamálaráðuneyti	364,5	297,6	22,5
Heilbrigðisráðuneyti	552,2	491,0	12,5
Fjármálaráðuneyti	689,7	616,2	11,9
Samgönguráðuneyti	430,2	319,5	34,6
Iðnaðarráðuneyti	229,5	211,3	8,8
Viðskiptaráðuneyti	222,2	170,2	30,6
Umhverfisráðuneyti	331,7	291,8	13,7
Öll ráðuneyti samtals	5.717,8	4.933,8	15,9

16.06.2009/KMK